

## Mennta, menningar og afreksmannasjóður Sveitarfélagsins Voga.

### Samþykktir.

1. Sjóðurinn heitir Mennta, menningar og afreksmannasjóður Sveitarfélagsins Voga.
2. Markmið sjóðsins er að hlúa að menntun og menningu sem og að veita viðurkenningar fyrir unnin afrek í íþróttum, menningu og listum.
3. Stjórn sjóðsins er bæjarráð Sveitarfélagsins Voga.
4. Tekjur sjóðsins eru ávöxtun söluandvirðis 0,1% hluts í Hitaveitu Suðurnesja sem seldur var árið 2011.
5. Stjórn sjóðsins ákveður upphæðir viðurkenninga hverju sinni og skal miða við að ganga ekki á höfuðstól hans.
6. Viðurkenningu skal veita:  
    Þeim þremur útskrifarnemendum í Stóru Vogaskóla sem náð hafa bestum námsárangri við útskrift.
7. Rétt á viðurkenningu eiga:  
    Nemendur sem ljúka fyrri helmingi framhaldsskóla.  
    Nemendur sem ljúka framhaldsskóla.
8. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í íþróttum og listum að eigin frumkvæði eða að fengnum ábendingum.
9. Umsókn um viðurkenningar sbr. 7 gr. skal skila til skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 20. júní. Umsókn skal fylgja staðfesting framhaldsskóla á að helmingi náms sé lokið, eða að námi sé lokið með útskrift.
10. Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga skal endurskoða reglur þessar svo oft sem þurfa þykir.